

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Fiskeldi Austfjarða hf. Röndin, Kópaskeri



|                     |                         |                         |                          |
|---------------------|-------------------------|-------------------------|--------------------------|
| Dags eftirlits      | 20.5.2025               | Ábyrgðarmaður eftirlits | Auður Eyberg Helgadóttir |
| Fyrirtæki           | Fiskeldi Austfjarða hf. | Eftirlitsmaður          | Auður Eyberg Helgadóttir |
| Heimili             | Röndin, Kópaskeri       | Tegund eftirlits        | Reglubundið              |
| Kennitala           | 5204120930              | Flokkur                 | Fiskeldi                 |
| Fulltrúi fyrirtækis | Alvaro Martin Pulido    | ÍSAT nr.                |                          |
| Fulltrúi fyrirtækis |                         | Staðsetning             |                          |

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fimm frávik komu fram í eftirliti: 1) Ársyfirliti var skilað 6. maí inn til Umhverfis- og orkustofnunar. 2) Umhverfisupplýsingar voru ekki með fullnægjandi upplýsingum. 3) Árekstrarvörn vantaði við olíugeyma. 4) Vantaði lekabyttur undir sápu og sótthreinsibrúsa sem standa við fiskeldiskerin. 5) Útstreymisbókhaldi var ekki skilað inn til eftirlitsaðila.

Eldri frávik.

Eitt eldra frávik er opið: Rekstraraðili skal vakta líffræðilega gæðapætti í strandsjó skv. vöktunaráætlun og nánari lýsingu í viðauka starfsleyfis, vöktun er ekki hafin.

### UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunavarnareftirlit. Starfsleyfið tekur til landeldis á laxfiskum á Röndinni Kópaskeri. Hámark lífmassa á hverjum tíma má ekki fara yfir 2700 tonn.

Boðað umfang eftirlitsins var:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil samkvæmt því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Nýtingarleyfi og borholur
- Fylgiskjöl

1. Tvö frávik komu fram við eftirliti árið 2024: 1) Rekstraraðili skal taka myndir við útrásina á tveggja mánaða fresti. Myndir voru til staðar í eftirlitinu en aðeins þrjár frá síðasta ári og tvær frá núverandi ári. Skv. úrbótaáætlun frá rekstraraðila þann 5. júlí 2024 þá var búið að setja áminningar um myndartökur í EQS skráningarkerfið. Þetta var tekið út í eftirlitinu 20. maí sl. og eru myndartökur fullnægjandi og er því frávikinu lokað. 2) Rekstraraðili skal vakta líffræðilega gæðapætti í strandsjó skv. vöktunaráætlun og nánari lýsingu í viðauka starfsleyfis. Skulu mælingarnar fara fram á þriggja ára fresti og hefjast á nýju almanaksári eftir útgáfu leyfis. Mælingarnar eru enn ekki hafnar og er því um opið frávik að ræða.

2. Áhættumat 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunavarnareftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

3. Rekstraraðili hefur sett sér umhverfismarkmið. Ársyfirlit vegna ársins 2024 barst eftirlitsaðila 6. maí sl. en frestur til að skila því rann út 1. maí sl. og er því um frávik að ræða. Umhverfisupplýsingum var skilað inn 30. apríl sl. en með ófullnægjandi upplýsingum. Fullnægjandi skil bárust 23. maí og er því frávikinu lokað. Útstreymisbókhaldi barst eftirlitsaðila 4. júní sl. en frestur til að skila því rann út 1. maí sl. og er því um frávik að ræða. Framleiðsla fyrir árið 2024 var 431 tonn af laxi.

4. Fosfórslosunin fyrir árið 2024 reiknast 8,8 kg P/tonn og er innan marka starfsleyfis.

5. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar tímabundinnar og varanlegrar er til staðar og áætlun vegna meðhöndlunar úrgangs. Einnig eru allar áætlanir nýlega uppfærðar. Rekstraraðili er með gilda tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004.
6. Stöðin lítur vel út að innan. Útisvæðið er snyrtilegt og frárennslið lítur vel út. Árekstrarvörn vantar við olúgeyminn og er það því frávik.
7. Efni eru geymd í lekabyttu og öryggisblöð eru aðgengileg. En við hvert fiskeldisker þá er 20l sápubrúsi og 20l sótthreinsibrúsi án lekabyttu og er það því frávik.
8. Gengið var um svæðið og borholur skoðaðar. Rekstraraðili skilaði vöktunaráætlun vegna nýtingar grunnvatns fyrir árið 2024 vegna nýtingarleyfa.
9. Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí mun stofnunin fara yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum. Farið var stuttlega yfir nýju leiðbeiningarnar.

| Frávik frá                                                                                               | Lýsing á fráviki                                                                                                                                                                                                                                                                                      |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| gr. 4.4 í starfsleyfi.                                                                                   | Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirlit barst eftirlitsaðila 6. maí sl. og telst því frávikinu lokað.                                                                                                                                  |
| gr. 4.5 í starfsleyfi.                                                                                   | Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfis- og orkustofnunar upplýsingum um losun mengandi efna frá starfstöðinni fyrir 1. maí ár hvert. Upplýsingarnar í grænu bókhaldi voru ekki fullnægjandi. Grænu bókhaldi var skilað inn 23. maí sl. með fullnægjandi upplýsingum og er því frávikinu lokað. |
| gr. 3.11 í starfsleyfi.                                                                                  | Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Brúsar voru án lekabytta við fiskeldiskerin.                                                                                                                                                                 |
| Gr. 3.10 í starfsleyfi og 41. gr. í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumenguna frá starfsemi á landi. | Skv. 41. gr. í reglugerðinni 884/2017 þurfa mengunarvarnir vera tryggðar. Árekstrarvörn vantaði við olúgeymi á svæðinu.                                                                                                                                                                               |
| Samkv. reglugerð nr. 990, viðauki I 7. b                                                                 | Þar sem framleiðslugeta er 1000 tonn af fiski skal skila inn útstreymisbókhaldi. Útstreymisbókhald var skilað inn til eftirlitsaðila 4. júní sl. og er því frávikinu lokað.                                                                                                                           |

## ÁBENDINGAR

Ein ábending var gerð í eftirlitinu er varðar sýnatökur. Taka skal sýni úr innrennsli og frárennsli í hámarks og lágmarkssýnatöku.

Reykjavík, 25.06.2025

**1 Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2 Ábending:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

---

Auður Eyberg Helgadóttir